

22. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

22. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn miðvikudaginn 13. mars 2019 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Viktor Stefán Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Pórdís Kristinsdóttir, varamaður, D-lista

Jakob H P Burgel Ingvarsson, áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs

Sigurjón Vídalín Guðmundsson, varamaður, Á-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Í upphafi fundar var samþykkt að taka inn á afbrigðum mál um loftgæði innandyrna í húseignum Árborgar.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1902143 – Vallaskóli erindi til framkvæmda- og veitustjórnar
	Stjórnin þakkar fyrir erindið. Stjórnin kemur erindinu áfram til umfjöllunar í fræðslunefnd.
2.	1811184 – Útistofur við Vallaskóla 2019

	<p>Kynnt var niðurstaða útboðs varðandi verkið „Lausar kennslustofur við Vallaskóla 2019“.</p> <p>Eftirfarandi tilboð bárust:</p> <p>Eðalbyggingar ehf. 70.180.000</p> <p>Hamar og Strik ehf. 60.000.000</p> <p>Smíðandi ehf. 99.637.600</p> <p>A-hús ehf. 108.066.000</p> <p>Blásteinn Byggingarfélag ehf. 68.700.000</p> <p>Vörðufell ehf. 73.260.000</p> <p>Kostnaðaráætlun 64.014.500</p> <p>Framkvæmda- og veitustjóra falið að ganga til samninga við lágstbjóðanda enda uppfylli hann kröfur útboðsgagna.</p>
3.	1902294 – Fyrirspurn – jarðhitakerfi begga megin Ölfusár og áhrif á Selfossjarðir
	<p>Erindi frá lögmanni eiganda Selfossjarða lagt fram. Bæjarlögmanni og framkvæmda- og veitustjóra er falið að vinna tillögu að svari og leggja fyrir næsta fund.</p>
4.	1812133 – Miðbær Selfoss
	<p>Verkfundargerðir frá framkvæmdum í miðbæ Selfoss voru lagðar fram til kynningar.</p>
5.	1708133 – Undirbúningur að byggingu skóla í Björkurstykki
	<p>Farið yfir stöðu verkefnisins. Drög að forsögn liggja fyrir. Samkvæmt áætlun frá verkefnisstjóra verksins er stefnt að útboði hönnunar um mánaðarmótin mars/apríl.</p>
6.	1902212 – Umferðarskipulag á Austurvegi á Selfossi

	<p>Lagt fram minnisblað frá Vegagerðinni varðandi framtíðar umferðarskipulag á Austurvegi á Selfossi. Eftir að nýr hringvegur verður tekinn í notkun norðan Selfoss með nýrri brú á Ölfusá er fyrir séð að veghald á Austurvegi kunni að falla til sveitarfélagsins. Framkvæmda- og veitustjórn leggur til við bæjarstjórn að skipaður verði þverfaglegur vinnuhópur til að hefja vinnu við framtíðar skipulag og uppbyggingu á umferðarmannvirkjum í tengslum við fyrirhugaða breytingu á legu þjóðveg nr.1.</p>
7.	1612102 – Kaupsamningur – Félagsmiðstöð og dagdvöl aldraðra að Austurvegi 51
	<p>Formaður kynnti stöðu verkefnisins. Verkinu er lokið og búið að ganga frá afsali.</p> <p>Lögð verður fram samantekt á næsta fundi um störf verkefnahóps sem skipaður var á 4. fundi framkvæmda- og veitustjórnar 1. ágúst 2018.</p>
8.	1811216 – Fjölnota íþróttahús á Selfossvelli
	<p>Lagðir voru fram samningar við Verkís og ALARK arkitekta ehf. um forhönnun á fjölnota íþróttahúsi á lóð UMFS á Selfossi. Forhönnun íþróttahússins skal byggð á frumhönnun Verkís hf. og ALARK arkitekta ehf. tillaga númer 11 sem dagsett er 20.12.2018 sem kynnt var og lögð fyrir framkvæmda- og veitustjórn Árborgar þann 9. janúar 2019. Meirihluti stjórnar samþykkir framlagða samninga og felur framkvæmda- og veitustjóra að undirrita samninganna.</p> <p>Fulltrúar D-lista greiddu atkvæði á móti samþykkt samninganna.</p>
9.	1703281 – Mat á umhverfisáhrifum við hreinsistöð fráveitu við Geitanesflúðir

	Lagt fram bréf frá Skipulagsstofnun varðandi ákvörðun um matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu við Selfoss. Skipulagsstofnun samþykkir matsáætlun Sveitarfélagsins Árborgar með þar tilgreindum athugasemdum.
10 .	1903122 – Loftgæði innandyrna í fasteignum Árborgar
	Stjórnin felur framkvæmda- og veitustjóra að dreifa til húsumsjónarmanna sveitarfélagsins leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um inniloft, raka og myglu, hvernig best sé að viðhalda og bæta heilnæmi innilofts og hvernig bregðast skuli við verði inniloftið óheilnæmt.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:30

Tómas Ellert Tómasson		Viktor Stefán Pálsson
Sveinn Ægir Birgisson		Þórdís Kristinsdóttir
Jakob H P Burgeł Ingvarsson		Sigurjón Vídalín Guðmundsson
Jón Tryggvi Guðmundsson		

21. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

21. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn miðvikudaginn 20. febrúar 2019 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:30.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Sigurjón Vídalín Guðmundsson, varamaður, Á-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Í upphafi fundar var samþykkt að taka inn á afbrigðum mál um Ísland ljóstengt 2019 -umsóknarferli.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál

1.	<p>1703281 – Mat á umhverfisáhrifum við hreinsistöð fráveitu við Geitanesflúðir</p>
	<p>Farið var yfir umsagnir sem bárust við tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu á Selfossi. Alls bárust átta umsagnir við tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu á Selfossi frá eftirfarandi aðilum:</p> <p>Fiskistofa, dags. 14. febrúar 2019 Hafrannsóknastofnun, dags. 29. janúar 2019 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 22. janúar 2019 Minjastofnun Íslands, dags. 16. janúar 2019 Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 23. janúar 2019 Sveitarfélagið Árborg, dags. 24. janúar 2019 Umhverfisstofnun, dags. 24. janúar 2019 Veðurstofa Íslands, dags. 23. janúar 2019</p> <p>Framkvæmda- og veitustjóra falið að senda Skipulagsstofnun svör nefndarinnar við framkomnum athugasemdum.</p>
2.	<p>1809235 – Fjárfestingaráætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022</p>
	<p>Útboðsáætlun framkvæmda 2019 lögð fram til kynningar.</p>
3.	<p>1811179 – Verkefnið Ísland ljóstengt 2019 – umsóknarferli</p>
	<p>Stjórnin samþykkir að taka tilboði fjarskiptasjóðs um styrk að fjárhæð 28.080.000 sem er 80% af þeirri upphæð sem er ófjármögnuð til lagningar ljósleiðara í dreifbýli -síðari áfangi.</p> <p>Stjórnin samþykkir að fela framkvæmdastjóra að bjóða út báða áfanga verksins, sameiginlega.</p>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:20

Tómas Ellert Tómasson		Viktor Pálsson
-----------------------	--	----------------

Sveinn Ægir Birgisson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Sigurjón Vídalín Guðmundsson		Jón Tryggvi Guðmundsson

20. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

20. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn miðvikudaginn 13. febrúar 2019 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista
Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista
Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista
Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista
Eggert Valur Guðmundsson, varamaður, S-lista
Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1804176 – Nýtt viðhaldskerfi fyrir hitaveitu og vatnsveitu
	Guðmundur Jón Bjarnason framkvæmdastjóri DMM Lausna kom á fundinn og kynnti DMM viðhalds- gæða- og eftirlitskerfi. Framkvæmda- og veitustjóra falið að ganga til samninga við DMM Lausnir um kaup á viðhalds- gæða og eftirlitskerfi fyrir framkvæmda- og veitusvið.
2.	1902072 – Þjónustukaup eignadeildar 2019
	Framkvæmda- og veitustjóra falið að óska eftir umsóknum verktaka til þátttöku í væntanlegum verðfyrirspurnum og tímavinnu vegna endurbóta, viðhaldsvinnu o.fl. í fasteignum sveitarfélagsins.
3.	1811080 – Hugbúnaðarkaup fyrir eignadeild
	Ákvörðun frestað til næsta fundar.
4.	1902077 – Rafræn stjórnarsýsla á framkvæmda- og veitusviði 2019

	Framkvæmda- og veitustjórn lýsir ánægju sinni með að hafin sé vinna við að auka og bæta rafræna stjórnarsýslu í sveitarfélaginu. Stefnt er að aukinni sjálfsafgreiðslu á vefnum m.a. vegna umsókna um þjónustu sem stytta afgreiðslutíma og eykur þjónustu við íbúa.
5.	1809235 – Fjárfestingaráætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022
	Framkvæmda- og veitustjóra er falið að vinna útboðsáætlun fyrir fjárfestingarverk ársins og leggja fram á næsta fundi.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:30

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Sveinn Ágir Birgisson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Eggert Valur Guðmundsson		Jón Tryggvi Guðmundsson

19. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

19. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn miðvikudaginn 30. janúar 2019

að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Pórdís Kristinsdóttir, varamaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1901155 – Yfirdráttarheimild fyrir Selfossveitur 2019
	Meirihluti stjórnar Selfossveitna bs. samþykkir yfirdráttarheimild hjá Íslandsbanka á reikning Selfossveitna 0586 – 26 – 700 allt að 150.000.000 kr. Fulltrúar D-lista sitja hjá.
2.	1901078 – Lántökur 2019 – Selfossveitur

Meirihluti stjórnar Selfossveitna bs. samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 600.000.000 kr., til 16 ára, í samræmi við skilmála láns til ársins 2034 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir skv. samþykkttri fjárhagsáætlun, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Gísli Halldóri Halldórssyni, kt. 151066-5779, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Selfossveitna að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h.

Selfossveitna sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, stendur einföld óskipt ábyrgð Sveitarfélagsins Árborgar sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setur það til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Fulltrúar D-lista sitja hjá.

3. 1804176 – Nýtt viðhaldskerfi fyrir hitaveitu og vatnsveitu

Fyrirhugaðri kynningu á nýju viðhaldskerfi frá DMM- Lausnum er frestað vegna forfalla.

4. 1808015 – Larsenstræti gatnagerð

	<p>Kynnt var niðurstaða útboðs í verkið „Larsenstræti 2019“.</p> <p>Eftirfarandi tilboð bárust: Gleipnir 93.679.300.-</p> <p>Ausa ehf. 115.525.125.-</p> <p>Smávélar ehf. 85.120.013.-</p> <p>Aðalleið ehf. 88.223.003.-</p> <p>Fögrusteinar ehf. 82.223.272.-</p> <p>Gröfutækni ehf. 69.997.300.-</p> <p>E.Gíslason ehf. 96.067.900.-</p> <p>Borgarverk ehf. 83.076.000.-</p> <p>Ólafsvellir ehf. 99.058.840.-</p> <p>Kostnaðaráætlun: 91.856.574.-</p> <p>Framkvæmdastjóra er falið að ganga til samninga við lágstbjóðanda enda uppfylli hann kröfur til útboðsgagna.</p>
5.	1801063 – Borun á ÓS-4
	<p>Borun á ÓS-4 er lokið. Unnið er að frágangi á vinnusvæðinu. Lokadýpi holunnar er 2.429 m.</p> <p>Framkvæmda- og veitustjóra falið að hefja undirbúning að virkjun holunnar.</p>
6.	1811216 – Fjölnota ípróttahús á Selfossvelli
	<p>Tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi ípróttavallasvæðisins við Engjaveg lögð fram til kynningar.</p>
7.	1901283 – Erindi til framkvæmda- og veitustjórnar varðandi lýsingu á og við skólalóð Vallaskóla

	<p>Erindi frá Vallaskóla um lýsingu á og við skólalóð Vallaskóla lagt fram.</p> <p>Fyrir liggja mælingar og úttekt á útilýsingu á lóðinni. Umsjónarmanni eignadeildar er falið að vinna kostnaðaráætlun vegna málsins ásamt tillögu að forgangsröðun. Byrjað verði á því að laga brýnustu atriði úttektar miðað við svigrúm í fjárhagsáætlun ársins. Við LED-væðingu samþykkir framkvæmda- og veitustjórn að setja í forgang endurnýjun götulýsingar við leik- og grunnskóla sveitarfélagsins.</p>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 18:10

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Pórdís Kristinsdóttir		Jón Tryggvi Guðmundsson

18. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

18. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn miðvikudaginn 9. janúar 2019 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista
Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista
Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista
Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista
Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista
Jakob Ingvarsson, áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs
Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1901031 – Bygging leikskóla við Engjaland 21
	<p><i>Vegna fjölgunar leikskólabarna í Árborg er lagt til að hefja undirbúning að byggingu nýs leikskóla í Dísarstaðalandi en þegar hefur verið gerður samningur um lóð fyrir skólann.</i></p> <p><i>Faghópur hefur verið stofnaður af fræðslunefnd vegna framkvæmdarinnar.</i></p> <p><i>Tómas Ellert Tómasson, Sveinn Ægir Birgisson og Jón Tryggvi Guðmundsson munu vinna með faghópi fræðslusviðs að byggingu nýs leikskóla í Dísarstaðalandi.</i></p>
2.	1901033 – Markmið um ljósvist utanhússlýsingar á vegum Árborgar
	<p><i>Stjórnin samþykkir framlögð markmið um utanhússlýsingu á vegum Árborgar.</i></p> <p><i>Framkvæmda- og veitustjóra falið að kanna kostnað og endurgreiðslutíma við að LED-væða gatnalýsingu í Árborg.</i></p>
3.	1809135 – Tillaga UNGSÁ um lýsingu göngustíga í sveitarfélaginu
	<p><i>Framkvæmda- og veitustjóra falið að vinna tillögu að bættri lýsingu við Stórahól.</i></p> <p><i>Uppsetningu á göngustígalýsingu neðan við Arnberg er lokið.</i></p>

4.	1809141 – Tillaga UNGSÁ um rafhleðslustöðvar
	<i>Stjórnin mun við ákvarðanir um verklegar framkvæmdir gera ráð fyrir innviðum fyrir hleðslu rafbíla.</i>
5.	1809144 – Tillaga UNGSÁ um íþróttavöllinn
	<i>Framkvæmda- og veitustjóra falið að meta útfærslur og kostnað við lýsingu frjálsíþróttavallar. Salernisaðstaða er til staðar í stúku og verður einnig í suðurenda fyrirhugaðs fjölnota íþróttahúss.</i>
6.	1809146 – Tillaga UNGSÁ um uppsetningu á vatnshönum í sveitarfélaginu
	<i>Framkvæmda- og veitustjóra falið að kanna kostnað við uppsetningu vatnshana. Stjórnin óskar eftir umsögn og tillögum um staðsetningu vatnshana frá íþrótt- og menningarnefnd.</i>
7.	1812165 – Tilnefning fulltrúa í vatnasvæðanefnd
	<i>Stjórnin tilnefnir Sigurð Þór Haraldsson deildarstjóra vatns- og hitaveitu, sem fulltrúa sveitarfélagsins í vatnasvæðisnefnd og Eggert Val Guðmundsson sem fulltrúa framkvæmda- og veitustjórnar.</i>
Erindi til kynningar	
8.	1811216 – Fjölnota íþróttahús á Selfossvelli
	<i>Fulltrúar frá Alark og Verkís kynntu tillögur vegna uppbyggingar íþróttamannvirkja við Engjaveg. Farið var yfir framkvæmda- og kostnaðaráætlanir fyrir 1.áfangu byggingar fjölnota íþróttahúss. Lagt er til að kynning á verkefninu verði tekin sérstaklega fyrir í bæjarstjórn. Óskað er eftir upplýsingum um árlegan rekstrar- og viðhaldskostnað (líftímakostnaðargreining) sem kom fram í máli hönnuða.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 20:00

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jakob Ingvarsson
Jón Tryggvi Guðmundsson		

17. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

17. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn miðvikudaginn 19. desember 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jakob Ingvarsson, áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1811184 – Útistofur við Vallaskóla 2019
	<p><i>Meirihluti stjórnar samþykkir að bjóða út tvær kennslustofur við Vallaskóla samkvæmt fyrirbyggjandi tæknilýsingu frá Eflu ásamt viðbótum sem ræddar voru á fundinum.</i></p> <p>Fulltrúar D- lista vilja áréttta að allar lausnir verða skoðaðar fyrir bráðabirgðahúsnæði.</p>
2.	1812119 – Snjómokstur í Árborg 2018-2019
	<p><i>Deildarstjóri framkvæmda og þjónustu kynnti verklagsreglur vetrarþjónustu í sveitarfélaginu. Stjórnin samþykkir að reglurnar verði birtar ásamt uppfærðum snjómoksturskortum á vef sveitarfélagsins.</i></p> <p>Stjórnin felur framkvæmdastjóra að senda fyrirspurn til Vegagerðarinnar varðandi uppfærslu á reglum um helmingamokstur á héraðsvegum Vegagerðarinnar. Stjórnin leggur áherslu á að valdar gönguleiðir, sbr. snjómoksturskort, verði í forgangi í snjómokstri.</p>
6.	1812120 – Erindi frá Gagnaveitu Reykjavíkur vegna lagningar ljósleiðara í húseignir Árborgar
	<p><i>Stjórnin fagnar áhuga fjarskiptafyrirtækja á ljósleiðaravæðingu í þéttbýli Árborgar.</i></p> <p><i>Stjórnin samþykkir að ljósleiðari verður lagður í húsnæði sveitarfélagsins enda falli enginn kostnaður á sveitarfélagið og frágangur lagnaleiða verði með fullnægjandi hætti.</i></p>
Erindi til kynningar	
3.	1809151 – Beiðni um samstarf – villikettir í Árborg og handsömun katta

	<i>Deildarstjóri framkvæmda og þjónustu kynnti erindi frá Villiköttum. Stjórnin samþykkir að fara í endurskoðun á samþykktum og verklagi vegna gæludýrahalds í sveitarfélaginu.</i>
4.	1811237 – Kerfisáætlun Landsnets 2019-2028
5.	1812045 – Viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla í Sveitarfélaginu Árborg
	<i>Lokadrög að viðbragðsáætlun vegna samfélagslegra áfalla í Sveitarfélaginu Árborg lögð fram til kynningar.</i>
	Stjórnin leitaði afbrigða að taka á dagskrá mál nr.1812124 – „Afdrif dýra sem ekki eru sótt eftir handsömun“ og var það samþykkt.
7.	1812124 – Afdrif dýra sem ekki eru sótt eftir handsömun
	<i>Deildarstjóri framkvæmda og þjónustu kynnti erindi frá Villiköttum, Dýrahjálpi Íslands og Kattavinafélaginu. Stjórnin samþykkir að fara í endurskoðun á samþykktum og verklagi vegna gæludýrahalds í sveitarfélaginu.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:30

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jakob Ingvarsson
Jón Tryggvi Guðmundsson		

16. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

16. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 12. December 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Álfheiður Eymarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1801063 – Borun á ÓS-4

Fulltrúar frá ÍSOR komu á fundinn og fóru yfir framgang og stöðu borunar við ÓS-4. Stjórnin samþykkir að halda áfram borun niður á meira dýpi og fylgt verði ráðgjöf jarðfræðinga um endanlegt dýpi holunnar.

Fulltrúar D lista fagna þessari ákvörðun enda var farið í þessa framkvæmd af fyrri meirihluta.

Fulltrúar meirihluta framkvæmda- og veitustjórnar fagna árangri borunnarinnar. Bókun fulltrúa D lista vekur furðu þar sem ákvörðun um borun holunnar ÓS-4 var tekin á 6.fundi stjórnar þann 6. sept. 2018, þar sem stjórnin ákvað að breyta forgangsröðun framkvæmda og fara í borun á nýrri vinnsluholu austan við núverandi vinnslusvæði skv. ráðleggingum frá ÍSOR.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:15

Tómas Ellert Tómasson		Viktor Pálsson
Sveinn Ægir Birgisson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Jón Tryggvi Guðmundsson		

15. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

15. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 28. nóvember 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Jakob Ingvarsson, áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1811080 – Hugbúnaðarkaup fyrir eignadeild
	<i>Finnur Friðrik Einarsson kynnti eignausjónarkerfi frá Main Manager.</i>
2.	1810119 – Styrkir til uppsetningar á varmadælum 2019
	<i>Stjórnin fór yfir innsendar umsóknir um styrki til uppsetningar á varmadælum. Framkvæmda- og veitustjóra falið að ganga frá samningum við umsækjendur.</i>
	<i>Stjórnin fór yfir innsendar umsóknir um styrki til uppsetningar á varmadælum. Framkvæmda- og veitustjóra falið að svara umsækjendum.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:00

Tómas Ellert Tómasson
Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson
Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir
Jakob Ingvarsson
Jón Tryggvi Guðmundsson

14. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

14. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 14. November 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista
Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista
Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista
Þórdís Kristinsdóttir, varamaður, D-lista
Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri
Jakob Ingvarsson, áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs

Álfheiður Eymarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál

1.	<p>1703281 – Mat á umhverfisáhrifum við hreinsistöð fráveitu við Geitanesflúðir</p>
	<p>Ólafur Árnason og Jón Ágúst Jónsson frá Eflu kynntu stöðu vinnu þeirra við mat á umhverfisáhrifum hreinsistöðvar við Selfoss.</p> <p>Lagt var fram endurskoðað kostnaðarmat fyrir umhverfismatið. Fleiri matsþættir og rannsóknir hafa bæst við upphaflega áætlun.</p> <p>Stjórnin samþykkir tilboð frá Vatnaskilum vegna vinnu við dreifilíkansreikninga.</p> <p>Framkvæmda- og veitustjórn leggur til við bæjarstjórn að tillaga að matsáætlun vegna hreinsistöðvar fráveitu við Selfoss ásamt svörum við athugasemdum verði send til Skipulagsstofnunar til afgreiðslu.</p>
2.	<p>1811080 – Hugbúnaðarkaup fyrir eignadeild</p>
	<p>Rætt var um nauðsyn þess að kaupa hugbúnað fyrir eignaumsjón. Lagt var fram tilboð frá MainManager. Ákveðið að fá kynningu frá Main Manager á næsta fund.</p>
3.	<p>1510214 – Breyting á gjaldtöku í Tjarnabyggð.</p>
	<p>Lögð var fram yfirlitsmynd um heitavatnsnotkun í Tjarnabyggð sem sýndi notkunarstuðul húsa á svæðinu. Stjórnin samþykkir að fela framkvæmdastjóra að taka saman bréf til íbúa í Tjarnabyggð þar sem þeirri skoðun sem framkvæmd hefur verið á síðustu mánuðum er lýst. Af fyrirliggjandi gögnum má ráða að heilt yfir sé notkunarstuðull á svæðinu eðlilegur. Þó er ljóst að stuðull einstakra húsa er óeðlilegur og er framkvæmdastjóra falið að bjóða fram aðstoð Selfossveitna við að skoða hvað valdi þessum óeðlilega notkunarstuðli.</p>

4.	<p align="center">1612102 – Kaupsamningur – Félagsmiðstöð og dagdvöl aldraðra að Austurvegi 51</p>
	<p><i>Farið var yfir teikningar og kostnaðaráætlun vegna lóðar við Grænumörk 5 og Austurveg 51-53. Stjórnin samþykkir að fara í yfirborðsfrágang á suðurhluta lóðarinnar sem snýr að Austurvegi, svæðum 9 og 10 skv. fyrirliggjandi teikningu frá Landform. Kostnaði vegna verksins er vísað til fjárfestingaráætlunar ársins 2019.</i></p>
5.	<p align="center">1803096 – Hönnun á götum og veitulögnum í landi Bjarkar</p>
	<p><i>Kynnt var niðurstaða útboðs á gatna- og veituhönnun í Bjarkarlandi.</i></p> <p align="center"><i>Eftirfarandi tilboð bárust:</i></p> <p align="center"><i>Hnit ehf. 79.945.560.-</i></p> <p align="center"><i>Orbicon arctic As. 69.121.600.-</i></p> <p align="center"><i>Verkís hf. 67.632.228.-</i></p> <p align="center"><i>Mannvit hf. 88.321.000.-</i></p> <p align="center"><i>Kostnaðaráætlun: 57.314.200.-</i></p> <p><i>Framkvæmdastjóra er falið að ganga til samninga við lögstjóðanda enda uppfylli hann kröfur útboðsgagna.</i></p>
6.	<p align="center">1403282 – Samningur um samstarf við Flóahrepp vegna vatnsveitu í dreifbýli í Árborg</p>
	<p><i>Lagður fram samningur milli Sveitarfélagsins Árborgar kt. 650598-2029 og Flóahrepps kt. 600606-1310 um breytingar á þjónustusvæði vatnsveitna sveitarfélaganna og slit á sameign hvað varðar dreifikerfi og mannvirki VGS. Þjónusta við íbúa í gamla Stokkseyrarhreppi sem hafa verið á veitusvæði Vatnsveitu Flóahrepps færast með samkomulagi þessu til Árborgar að undanskildum bæjunum Hólum, Hólaborg og Baugsstöðum.</i></p> <p align="center"><i>Samningurinn samþykktur.</i></p>

7.	1811074 – Samningur um verkefnastjórnun vegna nýs grunnskóla í Bjarkarlandi
	<i>Framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga við Verkís um verkefnastjórn vegna nýs grunnskóla skv. fyrirliggjandi gögnum um áætlaðan tíma og kostnað.</i>
Erindi til kynningar	
8.	1811081 – Þjónustusamningar 2018
	<i>Lagt fram yfirlit um þjónustusamninga til kynningar.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 22:00

Tómas Ellert Tómasson		Viktor Pálsson
Sveinn Ægir Birgisson		Pórdís Kristinsdóttir
Jón Tryggvi Guðmundsson		Jakob Ingvarsson

13. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

13. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 24. October 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Guðjón Guðmundsson, varamaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Álfheiður Eymarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:**Almenn afgangslumál**

1. 1809235 – Fjárfestingaráætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022

Stjórnin samþykkir drög að fjárfestingaráætlun vegna ársins 2019 og þriggja ára áætlun til 2022.

2. 1510214 – Breyting á gjaldtöku í Tjarnabyggð.

Sigurður Þór Haraldsson deildarstjóri hitaveitu kom inn á fundinn og gerði grein fyrir stöðu gjaldtöku í Tjarnabyggð. Sigurði falið að afla frekari gagna og leggja fyrir næsta fund.

3. 1009055 – Uppsetning á veðurathugunarstöð á Selfossi

Búið er að undirrita samning við Veðurstofu Íslands um uppsetningu og rekstur á veðurstöð á Selfossi. Verið er að skoða heppilega staðsetningu fyrir verðurstöðina í samráði við VÍ.

4. 1807093 – Staða framkvæmda á framkvæmda- og veitusviði 2018

Kynntar voru framkvæmdir vegna viðbyggingar við Sunnlækjaskóla og breytinga við Vallaskóla.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 20:30

Tómas Ellert Tómasson Viktor Pálsson

Ragnheiður Guðmundsdóttir Guðjón Guðmundsson

Jón Tryggvi Guðmundsson

12. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

12. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 15. október 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 19:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál

1. 1807089 – Samningur við Rarik um lagningu þriggja fasa rafmagns í Svf. Árborg

Álfheiður Eymarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki framlagða samninga við RARIK um lagningu þriggja fasa rafmagns að Grundarbæjum og að Kaldaðarnesi innan Sveitarfélagsins Árborgar.

Lagning þriggja fasa rafmagns hefur talsverð samlegðaráhrif með lagningu ljósleiðara á svæðinu en stefnt er að því að vinna þessi tvö verk í sama verki. Með þessu fyrirkomulagi munu Selfossveitur spara umtalsverða fjármuni vegna lagningar ljósleiðara.

Þá er framangreint fyrirkomulag til þess fallið að auka afhendingar- og rekstraröryggi á rafmagni á dreifisvæði RARIK.

Lagning þriggja fasa rafmagns er almennt til þess fallin að stuðla að aukinni atvinnuuppbyggingu sem og stuðla að möguleikum til frekari tæknivæðingar og þannig hafa jákvæð áhrif á núverandi búrekstur sem og allan annan atvinnurekstur.

Óskað er eftir að kostnaði vegna samninganna verði vísað til viðauka við fjárhagsáætlun.

2. 1810119 – Styrkir til uppsetningar á varmadælum 2019
Framkvæmda- og veitustjóra falið að auglýsa styrki til uppsetningar á varmadælum í samræmi við reglur Selfossveitna bs.

3. 1808015 – Larsenstræti – Gatnagerð
Stjórnin samþykkir að hefja verkhönnun við götur og veitulagnir í Larsenstræti. Óskað er eftir að skipulags- og byggingarnefnd geri smávægilegar breytingar á deiliskipulagi varðandi gatnahönnun.

Óskað er eftir að hönnunarkostnaði verði vísað til viðauka við fjárhagsáætlun. Áætlaður kostnaður er um 1,0 m.kr.

4. 1810121 – Gatnagerð við Nesbrú, Túngötu og Bakarísstíg á Eyrarbakka (Einarshöfn)

Stjórnin felur framkvæmda- og veitustjóra að hefja undirbúning við verkhönnun gatna- og veituhönnun við Einarshöfn á Eyrarbakka. Framkvæmdastjóra falið að leggja fram áætlun um hönnunarkostnað á næsta fundi.

5. 1804353 – Verðkönnun fyrir ljósleiðaravæðingu í Árborg
Framkvæmda- og veitustjóra falið að vinna útboðsgögn vegna 1. áfanga við lagningu ljósleiðara í dreifbýli. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ganga til samninga við Flóahrepp um lagningu ljósleiðara að Baugsstöðum, Hólum og Hólaborg.
Stjórnin felur framkvæmda- og veitustjóra að sækja um styrk í fjarskiptasjóð vegna framkvæmda við áfanga 2.

6. 1809235 – Fjárfestingaráætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022

Formanni og framkvæmda- og veitustjóra falið að leggja fram

lokadrög að fjárfestingaráætlun 2019 fyrir næsta fund.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 21:00

Tómas Ellert Tómasson Álfheiður Eymarsdóttir

Viktor Pálsson Sveinn Ægir Birgisson

Ragnheiður Guðmundsdóttir Jón Tryggvi Guðmundsson

11. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

11. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 4. October 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Álfheiður Eymarsdóttir boðaði forföll

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1809235 – Fjárfestingaráætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022

	<i>Áframhald á vinnu að drögum að fjárfestingaráætlun ársins 2019.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 20:40

Tómas Ellert Tómasson		Viktor Pálsson
Sveinn Ægir Birgisson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Jón Tryggvi Guðmundsson		

10. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

10. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 2. október 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 19:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Álfheiður Eymarsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1809235 – Fjárfestingaráætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022
	<i>Stjórnin vann drög að fjárfestingaráætlun fyrir árið 2019.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 22:30

Tómas Ellert Tómasson		Viktor Pálsson
Sveinn Ægir Birgisson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Jón Tryggvi Guðmundsson		

9. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

9. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 25. September 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista
Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1711264 – Viðbygging við Leikskólann Álfheima
	<p>Vegna útboðs á framkvæmdum við leikskólann Álfheima á Selfossi bárust tvö tilboð. Heildartilboðsfjárhæðir voru eftirfarandi:</p> <p>Smíðandi 514.163.850 kr.- m.vsk. Vörðufell 511.762.848 kr.- m.vsk. Kostnaðaráætlun 375.066.460 kr.- m.vsk.</p> <p>Framkvæmda- og veitustjórn samþykkir að hafna báðum tilboðunum í verkið þar sem þau eru bæði verulega (36,4%) yfir kostnaðaráætlun.</p>
2.	1612102 – Kaupsamningur – Félagsmiðstöð og dagdvöl aldraðra að Austurvegi 51
	<p>Fyrir liggur erindi frá Austurbæ fasteignafélagi ehf. vegna hjólastólarampa í félagsmiðstöð og dagdvöl aldraða.</p> <p>Stjórnin samþykkir að skipta út römpum fyrir lyftur en telur m.v. skilalýsingu, teikningu A 103 og fyrirliggjandi gögn að kostnaður vegna breytinga sé alfarið hjá seljanda byggingarinnar þar sem mistök hafi verið gerð við hönnun byggingarinnar. Leggja skal nánari útfærslu að lausn málsins fyrir sveitarfélagið, þ.e. byggingarfulltrúa og framkvæmda- og veitustjórn.</p>
3.	1809236 – Endurbætur á Tryggvagarði
	<p>Rætt var um nauðsyn þess að gera endurbætur á Tryggvagarði. Málinu fjárhagsáætlunargerðar.</p>

4.	1809237 – Fráveita Árborgar -kortlagning svæða og stefnumótum um hreinsun fráveituvatns í sveitarfélaginu
	Stjórnin samþykkir að uppfæra stefnumótun og kortlagningu svæða varðandi hreinsun fráveituvatns í sveitarfélaginu. Byggt verði á fyrirliggjandi gögnum og rannsóknum sem búið er að vinna auk þess sem litið verður til nýjustu tækni við hreinsun, endurnýtingu og verðmætasköpun. Framkvæmdastjóra falið að vinna drög að stefnumótun um málið. Drög að stefnu sveitarfélagsins verða kynnt íbúum þegar þau liggja fyrir og mun íbúum þá gefast kostur á að koma sjónarmiðum og athugasemdum á framfæri.
5.	1809235 – Fjárfestingaráætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022
	Rætt var um verklag vegna fjárfestingaráætlunar, stefnt er að vinnufundi 2.okt. nk. kl 19:00

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 20:20

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jón Tryggvi Guðmundsson

8. fundur framkvæmda- og

veitustjórnar

8. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 13. September 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 18:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1711264 – Viðbygging við Leikskólann Álfheima
	<p><i>Yfirfarin tilboð voru lögð fram til kynningar. Tilboðin voru opnuð 5. sept. sl.</i></p> <p>Heildartilboðsfjárhæðir voru eins og hér segir:</p> <p>Smíðandi 514.163.850 kr.- m.vsk. Vörðufell 511.762.848 kr.- m.vsk. Kostnaðaráætlun 375.066.460 kr.- m.vsk.</p> <p>Lægsta tilboð eftir yfirferð er frá Vörðufelli og er um 36,4% yfir kostnaðaráætlun.</p> <p>Bjóðandi er bundinn af tilboði sínu í 4 vikur frá því að tilboð voru opnuð.</p> <p>Ákvörðun um afgreiðslu málsins verður tekin innan gildistíma tilboða.</p>

2.	1809011 – Húsnæðismál grunnskóla í sveitarfélaginu
	<i>Farið yfir húsnæðismál grunnskóla í sveitarfélaginu. Formaður kynnti hugmyndir um breytingar innanhúss í Vallaskóla vegna mötuneytisaðstöðu.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 20:30

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jón Tryggvi Guðmundsson

7. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

7. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 12. September 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista
Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista
Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1703281 – Mat á umhverfisáhrifum við hreinsistöð fráveitu við Geitanesflúðir
	<i>Ólafur Árnason og Reynir Sævarsson frá Eflu kynntu stöðu á umhverfismati fyrir hreinsistöð við Geitanes og fóru yfir nýjustu tækni og kostnaðartölur vegna uppbyggingu hreinsistöðvar við Selfoss.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:00

Tómas Ellert Tómasson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jón Tryggvi Guðmundsson

6. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar

6. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 6. September 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:**Almenn afgreiðslumál****1. 1809012 – Vetrarþjónusta í Árborg 2018-2019**

Kristján Jóhannesson, verkstjóri þjónustumiðstöðvar, og Auður Guðmundsdóttir, deildarstjóri framkvæmda- og þjónustu, komu inn á fundinn. Kristjáni og Auði falið að uppfæra snjómokstursreglur og leggja fyrir næsta fund.

2. 1801063 – Borun á ÓS-4

Sigurður Þór Haraldsson deildarstjóri vatns- og hitaveitu, kom inn á fundinn. Vegna tafa við undirbúning viðhaldsborunar á ÓS-1 ákveður stjórnin að breyta forgangsröðun framkvæmda og fara í borun á nýrri vinnsluholu austan við núverandi vinnslusvæði skv. ráðleggingum frá ÍSOR.

Heitavatnsöflun í Sveitarfélaginu Árborg stendur tæpt á álagstímum og nauðsynlegt að halda áfram vinnu við jarðhitaboranir.

3. 1612102 – Kaupsamningur – Félagsmiðstöð og dagdvöl aldraðra að Austurvegi 51

Formaður stjórnar og Sigurður Sigurjónsson, bæjarlögmaður fóru yfir störf starfshóps vegna kaupa á félagsmiðstöð og dagdvöl aldraða að Austurvegi 51. Farið var yfir stöðu framkvæmda og efnisval byggingarefna. Gerð var grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið frá skilalýsingu. Seljandi gerir ráð fyrir að afhenda eignina 12. október nk. Fyrir afhendingu verður gerð úttekt á húsnæðinu og borin saman við skilalýsingu.

4. 1807089 – Samningur við Rarik um lagningu þriggja fasa rafmagns í Svf. Árborg

Álfheiður Eymarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

Athugun hefur leitt í ljós að kostnaður tengingar við hitaveitu á jaðarsvæðum er ekki fýsilegur kostur að svo stöddu.

Framkvæmda- og veitustjórn hefur í samvinnu við RARIK ákveðið að flýta lagningu þriggja fasa rafmagns um 4.2 km leið, frá Tóftum að Traðarholti, framhjá Hraunhlöðu, til suðurs að Skipum og þaðan að Grundarbæjum innan Sveitarfélagsins Árborgar.

Lagning þriggja fasa rafmagns á þessu svæði hefur talsverð samlegðaráhrif með lagningu ljósleiðara, en stefnt er að því að vinna þessi tvö verk í sama verki. Með þessu fyrirkomulagi munu Selfossveitur spara umtalsverða fjármuni vegna lagningar ljósleiðara. Þá hafa eigendur Vestri- Grundar 3 ákveðið að falla frá styrk sem þeir ella ættu rétt á frá Selfossveitum bs. vegna kaupa á varmadælu.

Lagning þriggja fasa rafmagns er til þess fallin að stuðla að aukinni atvinnuuppbyggingu sem og stuðla að möguleikum til frekari tæknivæðingar og þannig hafa jákvæð áhrif á núverandi búrekstur sem og allan annan atvinnurekstur á umræddu svæði.

Þá er framangreint fyrirkomulag einnig til þess fallið að auka afhendingar- og rekstraröryggi á rafmagni á dreifisvæði RARIK en núverandi loftlína hefur á undanförunum árum átt það til að slá út, nú síðast í ágúst sl., vegna áflugs fugla og veðráttu.

Framkvæmda- og veitustjóra er falið að ganga frá samkomulagi við RARIK um lagningu framangreinds þriggja fasa strengs og lagningu ljósleiðara.

5. 1809011 – Húsnæðismál grunnskóla í sveitarfélaginu

Umræður um stöðu húsnæðismála grunnskóla í sveitarfélaginu.

6. 1803096 – Hönnun á götum og veitulögnum í landi Bjarkar

Unnið er að útboðsgögnum vegna verkhönnunar á gatna- og veitukerfum í landi Bjarkar. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að leggja fram tillögu að áfangaskiptingu 1. áfanga þar sem gatnagerð að nýjum grunnskóla verður höfð í forgangi.

7. 1301171 – Uppsetning öryggismyndavéla

Stjórnin samþykkir uppsetningu á öryggismyndavél vestan við þéttbýlið á Eyrarbakka. Kostnaður er áætlaður ein milljón króna og er framkvæmdatími áætlaður byrjun árs 2019. Áætluðum kostnaði er vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2019.

8. 1808099 – Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi

Skýrsla frá SASS um kortlagningu umhverfismála á Suðurlandi lögð fram. Stjórnin fagnar gagnlegu yfirliti frá SASS.

9. 1711264 – Viðbygging við leikskólann Álfheima

Niðurstaða útboðs vegna viðbyggingar við leikskólann Álfheima lögð fram. Tilboð verða yfirfarin og metin.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 21:30

Tómas Ellert Tómasson

Álfheiður Eymarsdóttir

Viktor Pálsson

Sveinn Ægir Birgisson

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Jón Tryggvi Guðmundsson

5. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

5. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið

2018-2022, haldinn 9. ágúst 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Guðjón Guðmundsson, varamaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Leitað var afbrigða í upphafi fundar að taka inn mál vegna dælustöðvar við Austurveg 67 og var það samþykkt.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1808017 – Innkaupareglur Svf. Árborgar 2018
	<i>Sigurður Sigurjónsson, bæjarlögmaður fór yfir innkaupareglur sveitarfélagsins. Mikilvægt er að endurskoða innkaupareglur Sveitarfélagsins m.t.t. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.</i>
2.	1808015 – Larsenstræti – Gatnagerð
	<i>Upplýst var um stöðu hönnunar og framkvæmda við Larsenstræti.</i>
3.	1710088 – Hönnun á dælustöð og miðlunargeymir Selfossveitna

<p><i>Guðjón Guðmundsson vék af fundi við afgreiðslu málsins.</i></p> <p>Farið var yfir niðurstöðu á opnun tilboða í dælustöð Selfossveitna við Austurveg 67.</p>		
Bjóðandi	Tilboðsverð eftir yfirferð	% af
	kostnaðaráætlun	
PG Verk ehf.	361.337.895 kr.	107,7
	%	
Vörðufell ehf.	377.821.528 kr.	
	112,6%	
	Kostnaðaráætlun 335.615.701 kr.	
<p>Framkvæmdastjóra er falið að ganga til samninga við lögstjóðanda enda uppfylli hann kröfur útboðsgagna.</p>		

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 18:30

Tómas Ellert Tómasson		Viktor Pálsson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Guðjón Guðmundsson
Jón Tryggvi Guðmundsson		

4. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

4. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 1. ágúst 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægír Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Í upphafi fundar var samþykkt að taka inn á dagskrá starfsmannamál hjá Framkvæmda- og veitusviði.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1808002 – Starfsmannamál á framkvæmda- og veitusviði
	<i>Stjórnin leggur til við bæjarstjórn að ráðinn verði verkefnastjóri inn á framkvæmda- og veitusvið. Um er að ræða nýtt starf til að mæta auknu umfangi framkvæmda í sveitarfélaginu. Verkefnastjóri mun starfa á framkvæmda- og veitusviði og hafa umsjón með og bera ábyrgð á faglegri úrlausn verkefna sem honum verður falið að vinna.</i>
2.	1612102 – Kaupsamningur – óbyggt rými undir félagsmiðstöð og dagdvöl aldra að Austurvegi 51

	<p><i>Sigurður Sigurjónsson bæjarlögmaður kom inn á fundinn og kynnti stöðu verkefnisins. Stjórnin ákveður að setja saman verkefnahóp sem hefur það verkefni að framfylgja ákvæðum kaupsamnings og skilalýsingar, annast samskipti við seljanda og væntanlega notendur. Einnig að halda skrá yfir öll byggingarefni sem notuð eru við framkvæmdina, framleiðanda, efnissala o.s.frv. Seljandi hefur upplýst að húsnæðið verði tilbúið til notkunar um mánaðarmótin september/október.</i></p> <p><i>Í verkefnahópnum verður formaður framkvæmda- og veitustjórnar, félagsmálastjóri og bæjarlögmaður.</i></p>
3.	1807089 – Samningur við Rarik um lagningu þriggja fasa rafmagns í Svf. Árborg
	<p><i>Álfheiður Eymarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins. Formaður og framkvæmdastjóri hafa fundað með Rarik og hagsmunaaðilum.</i></p> <p><i>Málinu frestað meðan beðið er eftir frekari gögnum.</i></p>
4.	1009055 – Uppsetning á veðurathugunarstöð á Selfossi

*Drög að samningi við Veðurstofu Íslands um rekstur
veðurstöðvar við Selfoss lagður fram.*

*Eftirtaldir grunn veðurbættir verða mældir á stöðinni.
Lofthiti í 2 m hæð yfir jörðu, vindátt og vindhraði í 10 m
hæð yfir jörðu. Einnig verða gerðar mælingar á loftraka og
úrkomu í 2 m hæð yfir jörðu.*

*Veðurstofa Íslands ábyrgist gæði mæligagna og að ekki verði
langar eyður í mæliröðum. Öll gögn verða varðveitt í
gagnagrunni Veðurstofu Íslands, sem mun sjá um að reka
grunninn og halda honum við. Verksali áskilur sér rétt til
að nota og dreifa gögnum með öðrum veðurmælingum. Nýjustu
gögn verða birt á vef Veðurstofu Íslands og verða þau opin
og aðgengileg almenningi. Gögnin munu strax nýtast
Selfossveitum vel í hönnun og rekstri veitumannvirkja á
Selfossi. Góð veðurfarsleg gögn munu einnig auðvelda mjög
hönnun á fyrirhuguðum fráveitu mannvirkjum í framtíðinni.
Verkkaupi og verksali velja saman stað fyrir veðurstöðina,
en leitast skal við að staðsetning hennar uppfylli sem best
kröfur, sem gerðar eru til mælinga á einstökum veðurbáttum.*

*Meirihluti stjórnar felur formanni og framkvæmda- og
veitustjóra að ganga frá samningi við Veðurstofu Íslands og
finna heppilega staðsetningu fyrir stöðina.*

Bókun frá fulltrúum D-lista

*Fulltrúar D-lista telja ekki rétt að sveitarfélagið taki á
sig kostnað við rekstur veðurathugunarstöðvar. Uppsetning
stöðvarinnar mun kosta um 800 þúsund og árlegur rekstur um
milljón. Kostnaður við uppsetningu er ekki í fjárhagsáætlun
þessa árs. Það er í verkahring Veðurstofu Íslands fyrir
hönd ríkisins að annast og kosta uppsetningu og rekstur
slíkra stöðva. Nú þegar er rekin veðurathugunarstöð á
Eyrarbakka á vegum Veðurstofunnar*

5.

**1807117 – Endurskoðun á reglugerð nr. 504/1990 um
Selfossveitur**

	<i>Farið var yfir reglugerð um Selfossveitur sem er frá 1990 og þarfnast endurskoðunar. Bæjarlögmanni er falið að leggja fram tillögu að nýrri reglugerð fyrir Selfossveitur. Stefnt er að því að vinnu við nýja reglugerð verði lokið fyrir áramót.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 20:00

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jón Tryggvi Guðmundsson

3. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

3. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 19. júlí 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Í upphafi fundar var samþykkt að taka inn á dagskrá kostnaðaráætlun viðhalds fasteigna í eigu Svf. Árborgar.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1807099 – Kostnaðaráætlun viðhalds fasteigna í eigu Svf. Árborgar
	<p>Formaður stjórnar fór yfir kostnaðaráætlun viðhalds fasteigna í eigu Svf. Árborgar.</p> <p>SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR</p> <p>Gerð var kostnaðaráætlun viðhalds og endurbóta fyrir tímabilið 2010 til 2030 fyrir nær allar fasteignir sem eru með skráð brunabótamat og eru í eigu Svf. Árborgar og skýrsluhöfundur hafði upplýsingar um.</p> <p>Markmiðið með skýrslunni var í fyrsta lagi að finna núvirt endurstofnverð fasteigna í eigu Svf. Árborgar, í öðru lagi að áætla viðhalds- og endurbótakostnað á tímabilinu 2010-2030 fyrir fasteignir skv. aðferðum sem lýst er í Brunabótamatsskýrslu 2016.</p> <p>Samanlagt núvirt endurstofnverð fasteigna í eigu Sv.f. Árborgar sem eru með skráð brunabótamat er áætlað 18.3 milljarðar.</p> <p>Samanlagður viðhalds- og endurbótakostnaður fyrir árin 2010-2030 skv. aðferðum sem lýst er í skýrslu er áætlaður 5.1 milljarður.</p> <p>Viðhalds- og endurbótakostnaður er áætlaður 275 m.kr. að meðaltali á ári á tímabilinu 2018-2030 fyrir þær fasteignir sem nú þegar eru í notkun.</p>
2.	1807090 – Eignavefur/hugbúnaður fyrir umsýslu á fasteignum í eigu Svf. Árborgar

	<p>Formaður kynnti fyrir stjórn hugbúnað sem Reykjavíkurborg notar fyrir eignaumsjón. Með því að nota slíkan eignaumsjónarhugbúnað eða sambærilegan getur dregið úr rekstrarkostnaði fasteigna. Þá næst einnig fram aukin skilvirkni í verkferlum og starfsvenjum.</p> <p>Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna, upplýsinga um kostnað og fá kynningu á hugbúnaði sem er í boði.</p>
3.	<p>1807092 – Hugbúnaður vegna verkefnisstjórnunar á framkvæmda- og veitusviði</p>
	<p>Formaður kynnti fyrir stjórn hugbúnað (PIAB) sem Reykjavíkurborg notar til aðstoðar við stýringu verkefna. Sveitarfélaginu býðst að fá kynningu á hugbúnaðinum frá þeim aðila sem er að innleiða slíkt kerfi fyrir Reykjavíkurborg. Kerfið getur nýst öllum sviðum og deildum sveitarfélagsins. Stefnt er að því að kynning fari fram í haust.</p>
4.	<p>1807089 – Samningur við Rarik um lagningu þriggja fasa rafmagns í Svf. Árborg</p>
	<p>Álfheiður Eymarsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins. Formanni og framkvæmdastjóra falið að ræða við Rarik um efni samningsins. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.</p>
5.	<p>1612166 – Samningur um jarðhitaréttindi Oddgeirshólum</p>
	<p>Stjórnin samþykkir fyrirliggjandi samningsdrög á milli Selfossveitna bs. og Hitaveitufélags Hraungerðishrepps um vatnsöflun og jarðhitaréttindi í landi jarðarinnar Oddgeirshóla.</p> <p>Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi.</p>
6.	<p>1807093 – Staða framkvæmda á framkvæmda- og veitusviði 2018</p>

	Framkvæmdastjóri lagði fram lista yfir verklegar framkvæmdir í Sveitarfélaginu Árborg.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:00

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jón Tryggvi Guðmundsson

2. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

2. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 12. Júlí 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista
Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista
Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista
Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista
Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista
Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Kjartan Björnsson og Sólveig Pálmadóttir fóru með stjórninni í vettvangsferð.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1507013 – Rannsóknir og jarðhitaleit í nágrenni við Selfosskirkju og Ölfusárbrú
	Framkvæmda- og veitustjóri kynnti stöðu borunar á SE-35 norðan við Miðtún. Borun og fóðring holunnar er lokið, botndýpi er 906 m. Unnið er að prufudælingu úr holunni og mun sú vinna leiða í ljós hvort holan verði virkjuð.
2.	1807041 – Vettvangsferð stjórnar í júlí 2018
	Farið var í vettvangsferð um orku- og vatnsöflunarsvæða Selfossveitna.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 20:00

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Ragnheiður Guðmundsdóttir		Jón Tryggvi Guðmundsson

1. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

1. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2018-2022, haldinn 28. June 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 17:00.

Mætt:

Tómas Ellert Tómasson, formaður, M-lista

Álfheiður Eymarsdóttir, nefndarmaður, Á-lista

Viktor Pálsson, nefndarmaður, S-lista

Sveinn Ægir Birgisson, nefndarmaður, D-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1806192 – Kosning varaformanns og ritara framkvæmda- og veitusviðs kjörtímabilið 2018-2022
	Lagt er til að Álfheiður Eymarsdóttir verði varaformaður og starfsmaður framkvæmda- og veitusviðs riti fundargerð. Samþykkt samhljóða.
3.	1710088 – Hönnun á dælustöð og miðlunargeymir Selfossveitna
	Stjórnin samþykkir að bjóða út framkvæmdir við nýja dælustöð Selfossveitna við Austurveg 67. Gert er ráð fyrir að flýta verklokum og þau verði haustið 2019 í stað 2020 eins og fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Endurskoða þarf því þriggja ára fjárfestingaráætlun með tilliti til þessa.
4.	1804229 – Útistofur við Vallaskóla 2018

	<p>Á 52. fundi framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, þann 2. maí s.l. samþykkti þáverandi stjórn tilboð frá Hafnarbakka í lausar kennslustofur við Vallaskóla og var framkvæmda- og veitustjóra falið að vinna áfram að málinu. Staðan í dag er sú, að kominn er á bindandi samningur við Hafnarbakka um kaup á fyrrgreindum stofum sem byggðar eru upp sem gámaeiningar og framleiðsla á þeim hafin. Vegna þess hve stutt er í skólabyrjun þá verða gámahúsin sett niður við Vallaskóla og munu standa þar til þeim verður skipt út fyrir aðra og vandaðri gerð færanlegra kennslustofa. Megintilgangur með settum innkaupareglum Sveitarfélagsins Árborgar er sá að stuðla að vönduðum og hagkvæmum innkaupum Sveitarfélagsins Árborgar og að Sveitarfélagið Árborg hagi innkaupum sínum í samræmi við góða viðskiptahætti og tryggja að stjórnarsýsla á sviði innkaupa sé vönduð. Í því ljósi felur Framkvæmda- og veitustjórn framkvæmdastjóra að vinna að gerð útboðsgagna „Útistofur við Vallaskóla 2018“. Útboðsformið verði alútboð og er það almennt útboð eins og lýst er í grein 1.2.2 í ÍST 30. Um verður að ræða tveggja þrepa útboð sem felst í því að hönnun verður opnuð sér og hún metin. Verðtilboð verða síðan opnuð sér fyrir hönnunarútfærslur sem uppfylla kröfur útboðsgagna. Áætlað er að keyptar verði þrjár færanlegar kennslustofur.</p>
5.	<p align="center">1804364 – Klæðning á Byggðarhornsveg 2018</p>
	<p align="center">Verið er að skoða kostnaðarþátttöku ríkisins vegna verksins. Afgreiðslu málsins er frestað þar til þeirri skoðun lýkur.</p>
6.	<p align="center">1711264 – Viðbygging við Leikskólann Álfheima</p>
	<p align="center">Stjórnin samþykkir að falla frá lokuðu útboði vegna viðbyggingar við leikskólann Álfheima og efna til almenns útboðs.</p>
7.	<p align="center">1801209 – Göngustígar 2018</p>

	Farið var yfir stöðu framkvæmda
8.	1801208 – Göngu- og hjólastígar 2018 með styrk frá Vegagerðinni
	<p>Kynnt var niðurstaða útboðs á verkinu „Eyrabakkastígur 2018“. Stjórnin felur framkvæmda- og veitustjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda.</p> <p>Eftirfarandi tilboð bárust:</p> <p>Stálborg ehf. 35.180.000</p> <p>Borgarverk ehf. 14.205.000</p> <p>Smávélar ehf. 17.311.500</p> <p>Gröfufjónusta Steins ehf. 15.437.500</p> <p>I.J.Landstak 22.315.000</p> <p>Kostnaðaráætlun Eflu 15.200.000</p>
9.	1009055 – Uppsetning á veðurathugunarstöð á Selfossi
	<p>Framkvæmda- og veitustjórn felur framkvæmda- og veitustjóra að skoða uppsetningu á veðurathugunarstöð á Selfossi í samstarfi við Veðurstofu Íslands.</p> <p>Greinargerð:</p> <p>Veðurathugunarstöð með rauntímavöktun stuðlar að öryggi almennings og eigna á Selfossi. Nú þegar eru a.m.k. 250 veðurathugunarstöðvar í rekstri um land allt á vegum Veðurstofunnar eða í tengslum við hana. Þær eru m.a. staðsettar í flestum þéttbýliskjörnum landsins. Þekkt er að veðurfar á Selfossi er oft á tíðum ólíkt því sem gerist í næsta nágrenni t.d. hvað varðar snjóalög og vindafar.</p> <p>Veðurathugunarstöð nýtist við hönnun mannvirkja og fráveitur, bætir umferðaröryggi og er eitt af mikilvægum hjálpartækjum ferðaþjónustunnar. Einnig þá hefur veðurathugunarstöð mikið markaðslegt gildi fyrir Höfuðstað Suðurlands.</p>
10.	1510214 – Breyting á gjaldtöku í Tjarnabyggð.

	<p>Vinna er í gangi við samanburðarrannsókn á húshitunarkostnaði í sveitarfélaginu eftir þéttbýli og dreifbýli. Við frumathugun hefur komið í ljós að í einstaka tilvikum í Tjarnabyggð er notkun óeðlilega mikil miðað við aðstæður í byggðinni án þess að skýringar liggi fyrir. Í þeim tilvikum verður notendum boðið fyrri úrræði við gjaldtöku vegna hitaveitu og ráðgjöf. Þessi ráðstöfun er tímabundin þar til að niðurstöður fást úr framangreindri rannsókn. Gert er ráð fyrir að niðurstöður liggi fyrir með haustinu.</p>
Erindi til kynningar	
2.	1806169 – Kynning á framkvæmda- og veitusviði
	Framkvæmda- og veitustjóri hélt stutta kynningu á starfsemi sviðsins.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 19:00

Tómas Ellert Tómasson		Álfheiður Eymarsdóttir
Viktor Pálsson		Sveinn Ægir Birgisson
Jón Tryggvi Guðmundsson		

53. fundur framkvæmda- og

veitustjórnar

53. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 16. maí 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1801063 – Borun á ÓS-4
	<i>Stjórnin ákveður að fela framkvæmdastjóra að halda áfram vinnu við borun vinnsluholu í Ósabotnum, ÓS-4. Kostnaður vegna verksins er ekki á fjárfestingaráætlun 2018. Óskað verður eftir viðauka við fjárhagsáætlun þegar verkið hefst.</i>

Í lok fundar þakkaði Gunnar Egilsson, formaður, fundarmönnum fyrir gott samstarf á kjörtímabilinu og málefnalegar umræður.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 09:00

Gunnar Egilsson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
-----------------	--	---------------------------

Ingvi Rafn Sigurðsson		Eggert Valur Guðmundsson
Helgi Sigurður Haraldsson		Jón Tryggvi Guðmundsson

52. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

52. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 2. maí 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-lista

Viktor S. Pálsson, varamaður S- lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1804229 – Útistofur við Vallaskóla 2018
	<i>Stjórnin samþykkir tilboð frá Hafnarbakka í lausar kennslustofur við Vallaskóla. Framkvæmda- og veitustjóra falið að vinna áfram að málinu.</i>

2.	1404069 – Framkvæmdir vegna yfirbyggingar8 útigarða við Vallaskóla
	<i>Kristbjörn Guðmundsson frá EFLU kom inn á fundinn og kynnti áætlun um endurnýjun og viðhald á Vallaskóla í tengslum við yfirbyggingu útigarða. Stjórnin samþykkir að óska eftir aukafjárveitingu að upphæð 60 milljónir til viðhalds m.a. vegna athugasemda eldvarnareftirlits.</i>
3.	1507013 – Rannsóknir og jarðhitaleit í nágrenni við Selfosskirkju og Ölfusárbrú
	<i>Kynntar voru niðurstöður úr borun SE-35 norðan við Miðtún. Holan verður prufudæld á næstu vikum.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:10

Gunnar Egilsson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Ingvi Rafn Sigurðsson		Helgi Sigurður Haraldsson
Jón Tryggvi Guðmundsson		Viktor S. Pálsson

51. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

51. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 24. apríl 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Ragnheiður Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál

1.	1804240 – Ársreikningur Selfossveitna 2018
	<i>Ólafur Gestsson endurskoðandi, lagði fram og skýrði ársreikning Selfossveitna fyrir árið 2017. Stjórnin staðfestir reikninginn.</i>
2.	1710088 – Hönnun á dælustöð og miðlunargeymir Selfossveitna
	<i>Sigurður Þór lagði fram drög að hönnun á nýrri dælustöð og miðlunargeymi fyrir Selfossveitur að Austurvegi 67.</i>
3.	1601147 – Eyraveita dælustöð 2017
	<i>Farið yfir stöðuna á framkvæmdum við nýja dælustöð vatns- og hitaveitu fyrir Eyrarbakka og Stokkseyri. Stefnt er að því að taka stöðina í notkun á næstu vikum.</i>
4.	1711264 – Viðbygging við Leikskólann Álfheima
	<i>Stjórnin samþykkir að fela framkvæmda- og veitustjóra að hefja vinnu við forvalsútboð vegna stækkunar leikskólans Álfheima.</i>
5.	1804229 – Útistofur við Vallaskóla 2018
	<i>Framkvæmda- og veitustjóra falið að gera verðkönnun á þremur færanlegum útistofum við Vallaskóla.</i>
6.	1802086 – Beiðni – greining á þörf íbúa og fyrirtækja fyrir þrífasa rafmagn
	<i>Framkvæmda- og veitustjóra falið að taka saman upplýsingar og svara beiðninni.</i>

7.	1801146 – Fablab smiðja við FSu
	<i>Stjórnin samþykkir að styrkja uppsetningu á Fablab smiðju við FSu með kaupum á Roland GS-24 vínilskera.</i>
8.	1312083 – Endurskoðun á reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999
	<i>Lögð fram endurskoðuð umsögn um reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 að teknu tilliti til aðstæðna og staðhátta í Sveitarfélaginu Árborg. Framkvæmda- og veitustjóra falið að skila inn umsögn stjórnar. Helgi S. Haraldsson sat hjá við afgreiðslu málsins.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl. 10:30

Gunnar Egilsson		Ingvi Rafn Sigurðsson
Eggert Valur Guðmundsson		Helgi Sigurður Haraldsson
Jón Tryggvi Guðmundsson		

50. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

50. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 21. mars 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1803167 – Lántökur 2018 – Selfossveitur

Stjórn Selfossveitna bs. samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 180.000.000 kr. til 16 ára, í samræmi við skilmála láns til ársins 2034 með föstum verðtryggðum vöxtum eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir skv. samþykkttri fjárhagsáætlun, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ástu Stefánsdóttur, kt. 251070-3189, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Selfossveitna að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Selfossveitna sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántöku þessari. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð Sveitarfélagsins Árborgar sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

2.

1510214 – Breyting á gjaldtöku í Tjarnabyggð

	<p>Vegna breytinga sem gerðar voru á innheimtu fyrir heitt vatn í Tjarnarbyggð í upphafi árs 2016, vill undirritaður óska eftir upplýsingum í framhaldi af þeim.</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hvaða aðgerðir var farið í til að tryggja hitastig og þrýsting á heitu vatni í Tjarnarbyggðinni, við þær breytingar? 2. Er framkvæmd á sölu á heitu vatni til notenda í Tjarnabyggð orðið eins og hjá öðrum notendum í sveitarfélaginu? 3. Er hitastig og þrýstingur á heita vatninu til samræmis við það sem gerist hjá öðrum notendum í sveitarfélaginu? Helgi S. Haraldsson, fulltrúi B-lista. <ol style="list-style-type: none"> 1. Settir voru hemlar á endahús til þess að tryggja jafnara hitastig. 2. Já, fyrir utan þá staði sem eru með hemla. Stjórnin vekur athygli á að sama gjaldskrá gildir fyrir dreifbýli og þéttbýli. 3. Stjórnin óskar eftir við framkvæmdastjóra að teknað verði saman upplýsingar á húshitunarkostnaði í sveitarfélaginu eftir þéttbýliskjörnum og dreifbýli.
3.	0904212 – Tenging milli vatnsveitu Flóa og Árborgar
	Framkvæmda- og veitustjóra falið að ganga frá lokauppgjöri vegna samnings frá árinu 2010 um öflun og sölu á köldu vatni til Flóahrepps.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:30

Gunnar Egilsson

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Ingvi Rafn Sigurðsson

Eggert Valur Guðmundsson

Helgi Sigurður Haraldsson

Jón Tryggvi Guðmundsson

49. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

49. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 13. mars 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Jakob H. P. Burgel Ingvarsson áheyrnarfulltrúi frá ungmennaráði sat fundinn.

Helgi S. Haraldsson boðaði forföll.

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1711264 – Viðbygging við leikskólann Álfheima
	<i>Framkvæmda- og veitustjóri fór yfir stöðu hönnunar vegna viðbyggingar við leikskólann Álfheima við Sólvelli. Gert er ráð fyrir að bjóða verkið út í byrjun ágúst nk., reiknað er með að framkvæmdir taki eitt ár.</i>
2.	1803093 – Sunnulækjarskóli 6. áfangi 2018
	<i>Framvinduskýrslur frá eftirlitsaðila vegna janúar og febrúar lagðar fram. Verkið er á áætlun og verklok eru áætluð fyrir skólabyrjun í haust.</i>

3.	1706058 – Gatnagerð í Hagalandi 2017-2018
	<i>Niðurstaða útboðs lögð fram. Tveir lægstbjóðendur uppfylltu ekki skilyrði útboðsgagna. Stjórnin samþykkir að taka tilboði Borgarverks ehf. um verkið sem hljóðar upp á 218.871.000. Verkið rúmast innan fjárhagsáætlunar, áætluð verklok eru í september/október 2018.</i>
4.	1803082 – Miðbær Selfoss 2018
	<i>Samþykkt með þremur atkvæðum fulltrúa D-lista að fela framkvæmda- og veitustjóra að hefja hönnun hitaveitu í miðbæ Selfoss og vinna kostnaðaráætlun um verkið. Fulltrúi S-lista situr hjá við afgreiðslu málsins.</i>
5.	1704230 – Ingólfsfjall vatnsvernd
	<i>Sigurður Þór kom inn á fundinn og kynnti hugmyndir um öryggisgirðingar á vatnsverndarsvæði við Ingólfsfjall.</i>
6.	1802016 – Vátryggingayfirlit veitu- og hafnarmannvirkja Árborgar 2018
	<i>Stjórnin samþykkir að endurnýja tryggingar á hafnarmannvirkjum við ströndina.</i>
7.	1803094 – Hreinsunaráttak í Árborg 2018
	<i>Stjórnin samþykkir að hreinsunaráttak í Árborg 2018 verði með óbreyttu sniði dagana 7.-12. maí.</i>
8.	1803095 – Leigusamningur um jarðhitaréttindi við Búnaðarsamband Suðurlands
	<i>Samningur um jarðhitaréttindi í landi Stóra Ármóts lagður fram og kynntur. Stjórnin felur formanni og framkvæmda- og veitustjóra að undirrita samninginn.</i>
9.	1612166 – Samningur um jarðhitaréttindi Oddgeirshólum

	<i>Lagður var fram samningur við Hitaveitufélag Hraungerðishrepps um vatnsöflun og jarðhitaréttindi á landi jarðarinnar Oddgeirshóla. Stjórnin felur formanni og framkvæmda- og veitustjóra að undirrita samninginn.</i>
10.	1803096 – Gatnagerð í Björk 2018
	<i>Stjórnin felur framkvæmda- og veitustjóra að undirbúa verkhönnun á gatna- og veituhönnun í Björkurlandi.</i>
11.	1803097 – Knatthús Selfossi 2018
	<i>Stjórnin samþykkir að hefja vinnu við undirbúning að útboði á knatthúsi við íþróttavöllinn við Engjaveg.</i>
12.	1510214 – Breyting á gjaldtöku í Tjarnabyggð.
	<i>Málinu frestað.</i>

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 10:30

Gunnar Egilsson

Ragnheiður Guðmundsdóttir

Eggert Valur Guðmundsson

Guðmundsson

Sandra Dís Hafþórsdóttir

P. B. Ingvarsson

Jón Tryggvi

Jakob H.

48. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

48. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 31. janúar 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1801210 – Austurbyggð – yfirborðsfrágangur og göngustígar 2018
	Farið yfir framkvæmdir við göngustígagerð í Austurbyggð 2018. Framkvæmdastjóra falið að vinna að undirbúningi framkvæmda í samræmi við fjárfestingaráætlun 2018.
2.	1801209 – Göngustígar 2018
	Stjórnin samþykkir að leggja áherslu á malbikun göngu- og hjólastígs við Engjaveg, á milli Sigtúns og Kirkjuveg, og göngustígs um Gesthúsasvæðið á milli Engjavegar og Langholts.
3.	1801208 – Göngu- og hjólastígar 2018 með styrk frá Vegagerðinni

	Stjórnin samþykkir framlagða tillögu um forgangsröðun framkvæmda samkvæmt fjárfestingaráætlun. Stefnt er að malbikun fjörustígs frá Stokkseyri að Hraunsá, einnig lagningu burðarlags frá Sandvíkuraflleggjara að Tjarnabyggð og uppsetningu á ljósastaurum frá Miðtúni að Olís.
4.	1801205 – Verkhönnun Víkurheiði 2018
	Stjórnin samþykkir að halda áfram verkhönnun á gatnagerð og veitukerfum við Víkurheiði, jafnframt vísar stjórnin skipulaginu til skipulags- og byggingarnefndar með ósk um endurskoðun á lóðastærðum og skipulagi gatna.
5.	1801206 – Framkvæmdir við Selfossveg og aðliggjandi svæði 2018
	Stjórnin staðfestir að haldið verði áfram vinnu við frágang samkvæmt fyrirliggjandi skipulagi við Selfossveg.
6.	1801212 – Gjaldskrá Selfossveitna 2018 -heimtaugagjald - frostálag
	Stjórnin samþykkir að nýta heimild í gjaldskrá og innheimta 20% frostálag vegna heimtauga.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:45

Gunnar Egilsson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Ingvi Rafn Sigurðsson		Eggert Valur Guðmundsson
Helgi Sigurður Haraldsson		Jón Tryggvi Guðmundsson

47. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

47. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 9. janúar 2018 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1801034 – Forðafræðiúttekt Ósabotnum
	Skýrsla frá ÍSOR á forðaræði Ósabotnasvæðisins var kynnt. Niðurstaða skýrslunnar gefur vísbendingar um að vinna megi meira vatn af svæðinu. Ákveðið að hefja undirbúning að staðsetningu á nýrri vinnsluhölu.

2.	1801035 – Stofnlangir hitaveitu 2018
	Rætt var um framtíðarstaðsetningu á stofnlögnum. Stjórnin samþykkir að fara í stækkun stofnlagna við Langholt og Suðurhóla. Aðgerðin þykir nauðsynleg til að styrkja dreifikerfi hitaveitunnar og mæta vaxandi íbúafjölda í sveitarfélaginu.
3.	1706058 – Gatnagerð í Hagalandi 2017-2018
	Stjórnin samþykkir að bjóða út gatnagerð í Hagalandi. Áætluð verklok eru í september 2018.
4.	1710009 – Húsnæðisáætlun Árborgar
	Drög að húsnæðisáætlun Svf. Árborgar 2018-2025 lögð fram til kynningar.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 09:30

Gunnar Egilsson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
Ingvi Rafn Sigurðsson		Eggert Valur Guðmundsson
Helgi Sigurður Haraldsson		Jón Tryggvi Guðmundsson

46. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

46. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 6. desember 2017 í Norðursal, Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-lista

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Fundurinn var haldinn sameiginlega með skipulags- og byggingarnefnd.

Dagskrá:

Erindi til kynningar	
1.	1703281 – Mat á umhverfisáhrifum við hreinsistöð fráveitu við Geitanesflúðir
	Fulltrúar frá Eflu verkfræðistofu kynntu tillögu að matsáætlun fyrir hreinsistöð fráveitu við Selfoss. Matsáætlunin verður auglýst á næstu vikum. Stjórnin felur framkvæmda- og veitustjóra að vinna kostnaðaráætlanir fyrir þá valkosti sem fram koma í matsáætluninni.

Fundargerð lesin upp og fundi slitið kl: 10:00

Gunnar Egilsson		Ragnheiður Guðmundsdóttir
-----------------	--	---------------------------

Ingvi Rafn Sigurðsson		Eggert Valur Guðmundsson
Helgi Sigurður Haraldsson		Jón Tryggvi Guðmundsson

45. fundur framkvæmda- og veitustjórnar

45. fundur framkvæmda- og veitustjórnar Árborgar, kjörtímabilið 2014-2018, haldinn 28. November 2017 að Austurvegi 67, Selfossi, kl. 08:10.

Mætt:

Gunnar Egilsson, formaður, D-lista

Ragnheiður Guðmundsdóttir, nefndarmaður, D-lista

Ingvi Rafn Sigurðsson, nefndarmaður, D-lista

Eggert Valur Guðmundsson, nefndarmaður, S-lista

Helgi Sigurður Haraldsson, nefndarmaður, B-listi

Jón Tryggvi Guðmundsson, framkvæmda- og veitustjóri

Dagskrá:

Almenn afgreiðslumál	
1.	1706058 – Gatnagerð í Hagalandi 2017-2018
	<i>Farið var yfir stöðu á verkhönnun nýs íbúahverfis í Hagalandi þar sem gert er ráð fyrir 72 nýjum íbúðum. Stefnt er á að bjóða verkið út í desember og verklok verði haustið 2018.</i>

2.	1710183 – Endurnýjun götulýsingar – verðkönnun
	<i>Niðurstaða verðkönnunar á „Endurnýjun götulýsingar“ kynnt. Tilboðin verða yfirfarin m.t.t. verðs og gæða.</i>
3.	1710123 – Uppsetning og rekstur hæghleðslustöðva í Árborg
	<i>Niðurstaða útboðs á uppsetningu og rekstri hæghleðslustöðva í Árborg kynnt. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.</i>
4.	1507013 – Rannsóknir og jarðhitaleit í nágrenni við Selfosskirkju og Ölfusárbrú
